

Menntastefna Norðurlands 2026- 2031



NORÐURLAND



Inngangur

Sveitarfélagið Norðurþing setti sér skólastefnu árið 2020 sem gildi í fimm ár, eða út árið 2025. Vinna við endurskoðun hennar var sett af stað í upphafi árs 2025. Stefnunni var gefið heitið „menntastefna“ og ákveðið að móta læsisstefnu innan hennar. Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla skal hvert sveitarfélag setja sér stefnu um skólahald og nær þessi nýja menntastefna yfir alla starfsemi leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla Norðurþings. Auk þess er hún leiðarvísir fyrir öll þau sem starfa við menntun og uppeldi í sveitarfélaginu.

Fjölskylduráð samþykkti, á 204. fundi sínum þann 3. desember 2024, tillögu að vinnulagi við endurskoðun skólastefnu Norðurþings frá árinu 2020. Á 205. fundi sínum, þann 10. desember 2024, samþykkti fjölskylduráð erindisbréf stýrihóps um endurskoðun skólastefnu og gerð læsisstefnu.

Stýrihópur átti viðtækt og gott samráð við skólasamfélagið og nýtti margvísleg gögn við mat á framgangi fyrri stefnu og tækifærum til framtíðar til grundvallar nýrrar menntastefnu.



Skólasamfélagið

Í sveitarfélaginu eru Grunnskóli Raufarhafnar, og Öxarfjarðarskóli í Lundi, báðir samreknir leik- og grunnskólar, og á Húsavík eru grunnskólinn Borgarhólsskóli, leikskólinn Grænuvellir og Tónlistarskóli Húsavíkur. Við upphaf endurskoðunar á skólastefnu Norðurlþings kom fram að skólasamfélagið treystir stofnunum sínum og að sveitarfélagið býður upp á fjölbreytt skólastarf. Skólastefnan frá 2020 þykir hafa borið töluverðan árangur í starfsemi skólanna. Þó kom einnig fram að gera þarf betur strax í upphafi innleiðingar, svo sem að uppfæra skólanámskrár í anda nýrrar menntastefnu og staldra við og meta stöðu innleiðingar á markvissari hátt. Rauði þráðurinn í gerð skólastefnunnar árið 2020 var að þora að setja markið hátt og hafa metnað til þess að vera í allra fremstu röð. Þessi þráður á enn við og nú gefst tækifæri til þess að gera enn betur.



Öxarfjarðarskóli



Borgarhólsskóli



Grunnskóli Raufarhafnar



Leikskólinn Grænuvellir



Tónlistarskól Húsavíkur

Gildi

Gildi sveitarfélagsins Norðurþings í mennta- og uppeldisstarfi eru eftirfarandi:

Metnaður

til þess að setja háleit
markmið og skýr
viðmið um skólastarf.

Ábyrgð

á því að styðja
skólasamfélagið til
framfara og markvissra
umbóta.

Traust

til þess að starfsfólk
framkvæmi menntastefnu
sveitarfélagsins.

Virðing

fyrir skoðunum,
umhverfi og sérstöðu
sveitarfélagsins.



Framtíðarsýn

Skólastarf í sveitarfélaginu einkennist af gæðum og er jöfn áhersla lögð á siðvit, bókvit, verkvit og skapandi greinar. Áhersla er lögð á læsi, tækni, sjálfbærni, mannrækt og heilbrigði og velferð enda er Norðurþing heilsueflandi samfélag. Nemendum líður vel og þeir hafa sjálfstraust og trú á framtíðinni. Traust og trú á nemendum er einkennandi. Traust ríkir á fagmennsku starfsfólks og skuldbindingu um stuðning við virka starfsþróun í samræmi við menntastefnu sveitarfélagsins og áherslur yfirvalda. Samstarf við foreldra er reglubundið. Báðir aðilar hafa frumkvæði og sífellt er leitað leiða til þess að bæta hag nemenda, menntun þeirra og velferð.



Meginmarkmið:

- ✓ Að unnið sé samkvæmt menntastefnu stjórnvalda, lögum og aðalnámskrám, og að allt starf sé byggt á grunnþáttum menntunar.
- ✓ Að skólarnir hafi stuðning og aðgang að búnaði og starfsþróun til að framkvæma persónumiðað gæðastarf við heilnæmar og öruggar aðstæður.
- ✓ Að lögð sé áhersla á snemmtækan stuðning við börn og fjölskyldur og að persónubundnum þörfum sé mætt með samþættri þjónustu.
- ✓ Að samstarf við foreldra, milli skóla og við stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sé skipulagt, markmiðsbundið og hafi augljósan tilgang.
- ✓ Að börn fái tækifæri til að segja skoðanir sínar í leik og námi og að rödd þeirra heyrist óháð aldri, færni eða bakgrunni.
- ✓ Að unnið sé með heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- ✓ Að læsi sé hornsteinninn í leik og námi og unnið sé samkvæmt læsisstefnum.
- ✓ Að innra mat sé samstarfsmiðað, kerfisbundið og samofið daglegu starfi.
- ✓ Að tiltæk gögn nýtist til umbóta og ákvarðanatöku.



Hlutverk


- ✓ Til að tryggja gæðastarf í skólum hefur sveitarfélagið eftirlit með starfseminni og veitir stuðning við umbótavinnu.
- ✓ Hlutverk skólanna er skilgreint í aðalnámskrá og lögum sem um þá gilda.
- ✓ Skólarnir mennta ábyrga þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun eigin samfélags og stundað frekara nám.
- ✓ Sveitarfélagið tryggir öruggt og lögbundið skólastarf með nauðsynlegum aðbúnaði.
- ✓ Sveitarfélagið tryggir að nemendur, starfsfólk og foreldrar hafi aðgang að skólaþjónustu og annarri sérfræðiþjónustu.



Gæðamenntun

Öll börn í Norðurþingi eiga jafnan rétt á gæðamenntun, óháð búsetu, í öruggu og heilnæmu náms- og starfsumhverfi. Börn og foreldrar upplifa að námið hafi augljósan tilgang og skipulagið beri þess merki að verið sé að undirbúa börn fyrir frekara nám og þátttöku í lýðræðissamfélagi.

- ✓ Lögð er áhersla á gæðakennslu í fremstu röð, fjölbreyttar kennsluaðferðir og persónumiðað nám.
- ✓ Lögð er áhersla á fjölbreyttar námsmatsaðferðir þar sem nemendur meta eigin framfarir, m.a. með leiðsagnarmati. Nemendur eru hvattir til og fá stuðning til að axla ábyrgð á eigin námi og vera virkir þátttakendur.
- ✓ Menntastefnan tekur mið af heimsmarkmiðunum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem og grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Allt skipulag leiks, náms og kennslu byggist á þessum þáttum, með sérstakri áherslu á læsi, og eru þeim gerð skil í skólanámskrá og áætlunum skólanna.
- ✓ Sveitarfélagið leggur ríka áherslu á heildstæða skólaþjónustu og samþætta, þrepaskipta þjónustu, í þágu farsældar barna, til að tryggja hverju barni og fjölskyldu þess sem bestan stuðning. Heilbrigði, velferð og vellíðan eru lykilþættir árangurs og því er öflug sérfræðiþjónusta til staðar fyrir börn og fjölskyldur þegar þörf krefur.



Mannauður

Norðurþing leggur ríka áherslu á að laða til sín og halda í gott starfsfólk með fagmenntun, reynslu og hæfni til þess að halda uppi gæðastarfi.

- ✓ Markmið sveitarfélagsins er að skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi sem styður við starfsþróun, stuðning við ófaglærða, og nýsköpun í menntun.
- ✓ Starfsfólk fái markvissan stuðning við samræmd vinnubrögð samkvæmt hugmyndafræði uppeldisstefnunnar Jákvæður agi.



Samstarf við foreldra/forsjáraðila

Rík áhersla er lögð á markvissan samráðsvettvang með heimilum til að tryggja farsæld hvers barns og skapa bestu mögulegu skilyrði til að þroska hæfileika og styrkleika á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Mikilvægt er að styrkja tengsl og samvinnu milli heimilis og skóla og stuðla að öflugu og hvetjandi skólasamfélagi.

- ✓ Veita foreldrum tækifæri til að taka þátt í skóla- og frístundastarfi barna sinna með það að markmiði að efla námslegan og félagslegan þroska þeirra.
- ✓ Hvetja foreldra til að taka þátt í viðburðum, hátíðahöldum og samverustundum.



Menntun til sjálfbærni

Norðurþing leggur ríka áherslu á menntun til sjálfbærni sem lykilþátt í skólastarfi sveitarfélagsins. Markmið slíkrar menntunar er að efla færni og þekkingu nemenda til að takast á við áskoranir sem tengjast samspili umhverfis, samfélags og efnahagslífs í þróun sjálfbærs samfélags. Útinám er mikilvægur hluti af skólastarfi þar sem nærumhverfið er nýtt sem lifandi kennslustofa. Náttúran er ekki aðeins vettvangur fyrir hreyfingu og upplifun heldur einnig lykill að því að kenna börnum mikilvægi þess að lifa í sátt við umhverfið og auðlindir þess.

Mikilvægt er að efla tengsl skólanna við atvinnulífið í gegnum fjölbreytt samstarfsverkefni. Slík samvinna styrkir og fræðir nemendur um mikilvægi atvinnulífs sem og tækifærin sem þeim bjóðast. Um leið er stuðlað að efnahagslegri sjálfbærni.



Menntun til sjálfbærni

Jafnframt er mikilvægt að leggja áherslu á að dýpka vitund nemenda um sögu, menningu og sérstöðu svæðisins. Þannig styður skólastarf sveitarfélagsins meðal annars við heimsmarkmiðin:


- ✓ Menntun sem veitir nemendum dýpri skilning á sjálfbærni, loftslagsmálum og auðlindanýtingu.
- ✓ Góð atvinna og hagvöxtur.
- ✓ Sjálfbærar borgir og samfélög.

Með því að tengja skólastarf og samfélag við stærri áskoranir heimsins, s.s. loftslagsbreytingar, sjálfbæra nýtingu auðlinda og lífsgæði komandi kynslóða, vinnur Norðurþing í samræmi við meginþemu heimsmarkmiðanna: Mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Þannig er Norðurþing ekki aðeins staður náttúrufegurðar heldur einnig leiðandi menntasamfélag sem vinnur að sjálfbærri þróun í innlendu og alþjóðlegu samhengi.



Læsi - Áherslupáttur menntastefnu

Læsi er hornsteinn menntastefnu Norðurlands og lykill að námsárangri, virkri samfélagsþátttöku og lífsgæðum barna. Með læsi er átt við hæfni til að hlusta, tala, lesa, skrifa og afla upplýsinga. Læsi felur einnig í sér mynd-, miðla-, menningar-, fjármála- og tilfinningalæsi. Læsi þróast frá frumbersku og nær yfir allt skólastarf. Í Norðurlandi er lögð áhersla á samfelli í kerfisbundinni þjálfun læsis milli skólastiga og að virkt samstarf leik- og grunnskóla tryggji heildstæða nálgun þar sem hver nemandi nýtur stuðnings við hæfi. Skólar bera ábyrgð á að efla læsi í víðu samhengi og stuðla að lestraránægju, gagnrýninni hugsun og skapandi tjáningu nemenda.



Læsi - Áherslupáttur menntastefnu

Læsi skal endurspeglast í námsáætlunum, námsumhverfi og daglegu starfi. Skólarnir beita skilgreindum og þaulreyndum lestrarkennsluaðferðum, sem og fjölbreyttum náms- og kennsluaðferðum. Skólarnir geri grein fyrir þeim aðferðum í sinni stefnu og tryggja þannig að læsisnám sé markvisst, persónumiðað og feli í sér virka þátttöku nemenda. Til að tryggja framfarir nemenda og veita viðeigandi stuðning skulu skólarnir einnig gera skýrar áætlanir um beitingu fjölbreyttra og áreiðanlegra matstækja. Niðurstöður skulu nýttar markvisst til að greina stöðu nemenda, máta við samræmdar mælingar og endurmeta leiðir sem stuðla að frekari framförum hvers og eins. Mikilvægt er að foreldrar/forsjáraðilar fái reglulega greinargóðar upplýsingar um stöðu barns.

Læsi er sameiginlegt ábyrgðarverkefni og þátttaka starfsfólks, foreldra/forsjáraðila og samfélagsins skiptir máli. Læsisstefna hvers skóla þarf að vera skýr og skorinort og mótuð í samráði við skólasamfélagið. Stefnan er leiðarljós í skólastarfi og er endurskoðuð reglulega til að tryggja gæði og árangur.



Viðmið um gæðastarf tengt læsi

- ✓ **Læsi í víðu samhengi endurspeglast í öllu skólastarfi:**
 - » Skólanámskrár og starfsáætlanir endurspeгла læsi í víðu samhengi.
 - » Námsáætlanir innihalda skýr markmið og lýsingu á því hvernig þjálfun læsis er samofin daglegu starfi.
- ✓ **Samfella og samstarf milli skólastiga:**
 - » Samstarf skólanna er skipulagt með formlegum hætti, t.d. í gegnum samráðsfundi og sameiginleg verkefni, og birt í starfsáætlun.
 - » Kerfisbundin þjálfun læsis tryggir samfellu og stíganda í námi frá leikskóla yfir í grunnskóla, m.a. í gegnum sameiginleg læsismarkmið.



Viðmið um gæðastarf tengt læsi



Lestrarmenning og fjölbreytt læsisstarf:

- » Í hverjum skóla eru reglulegir viðburðir tengdir lestri og læsi, t.d. upplestrarkeppnir og árstíðabundinn lestur. Námsumhverfið styður við virka notkun læsis í fjölbreyttum aðstæðum.
- » Heimili og skóli vinna saman að lestrarmenningu, m.a. í gegnum upplýsingagjöf, þátttöku foreldra og lestrarhvatningu.
- » Læsi og ritun nemenda er sýnilegt í skólaumhverfinu.
- » Nemendur taka virkan þátt í miðlun, t.d. með fréttaskrifum, leikritum, kvikmyndum, söngtextagerð og öðrum birtingarformum.



Kennsluaðferðir og þátttaka nemenda:

- » Skólarnir beita skilgreindum og þaulreyndum lestrarkennsluaðferðum sem taka mið af þörfum hvers nemanda og tryggja virka þátttöku.
- » Markviss stuðningur við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- » Skólarnir skilgreina eigin kennsluaðferðir og endurskoða þær reglulega.



Viðmið um gæðastarf tengt læsi

- ✓ **Mat og nýting niðurstaðna:**
 - » Reglulegt mat á læsi fer fram með fjölbreyttum og áreiðanlegum matstækjum (t.d. skimunum og almennu námsmati) í öllum árgöngum.
 - » Samfelld skimunaráætlun liggur fyrir frá leikskóla upp í grunnskóla.
 - » Skólarnir nýta niðurstöður mats til að greina stöðu nemenda, móta persónumiðaða stuðningsáætlun og endurmeta kennsluhætti.
 - » Foreldrar fá greinargóðar upplýsingar um stöðu barna sinna að lágmarki tvisvar sinnum á skólaári.
- ✓ **Skýr ábyrgð og eftirfylgni:**
 - » Skólarnir móta skýra áætlun um ábyrgð og hlutverk starfsfólks, foreldra og nemenda í læsisstarfi, í samræmi við læsisstefnur.
 - » Hver skóli mótar virka og skýra læsisstefnu í samráði við skólasamfélagið og endurskoðar hana árlega.



Innleiðing og mat á framgangi

Sveitarfélagið styður markvisst við innleiðingu menntastefnunnar og tryggir að hún endurspeglist skýrt í starfsemi skólanna, s. s. í skólanámskrám og starfsáætlunum. Jafnframt hvetur það til og styður við þróun skólastarfs, í takt við samfélagsbreytingar og tækniþróun, þannig að skólastarf sé faglegt, framsækið og í stöðugri framþróun.

- ✓ Menntastefnan verður innleidd á gildistímanum, árin 2026-2031, og staðan endurmetin reglulega á fundum fjölskylduráðs.
- ✓ Staða hvers skóla gagnvart stefnupáttum menntastefnunnar er birt í opnum og aðgengilegum skýrslum um innra mat.
- ✓ Stjórnendur bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og forgangsröðun aðgerða.
- ✓ Fjölskylduráð ber ábyrgð á mati og eftirliti með framgangi stefnunnar í umboði sveitarstjórnar.
- ✓ Menntastefnan gildir til ársins 2031 en skal endurskoðuð fyrr ef þörf krefur.





Samþykkt í fjölskylduráði 16.9.2025

Samþykkt í sveitarstjórn 9.10.2025



NORÐURÞING